



Fólk virðir fyrir sér veg sem rofnaði eftir að Fnjóská ruddist niður farveg sinn. Vatnavextir á Norðurlandi eystra hafa verið miklir undanfarna daga og víða orðið tjón. Hefur ríkislögreglustjóri í samráði við Lögreglustjóran á Norðurlandi eystra lýst yfir hættustigi. Vegagerðin segir að flóð sem þessi gerist líklega aðeins á 50 til 100 ára fresti. Fjallað er um málið á [frettabladid.is](#). **FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN**

Vilja meina Þórhildi Sunnu komu til Rússlands

Forseti rússneska þingsins vill meina þingkonu Pírata að koma til Rússlands og hefur rætt málið við forseta Alþingis. Ástæðan er skýrsla þingkonunnar um stöðu mála á Krímskaga.

odduraevar@frettabladid.is

ALÞINGI Vyacheslav Volodin, forseti Dúmunnar, rússneska þjóðþingsins, vill meina Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, þingflokksformanni Pírata, að sækja Rússland heim. Ástæðan er nýsamþykkt skýrsla hennar um stöðu Krímtatara og alvarleg mannréttindabrot á Krímskaga. Þórhildur Sunna er formaður nefndarinnar og flutti framsögu um skýrsluna á Evrópuráðsþinginu þann 23. júní

siðastliðinn. Í skýrslunni er lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu Krímtatara. Samþykkti þingið skýrslu Þórhildar og fer það fram á rannsókn á „meintum morðum, mannránum, pyntingum og annarri ómannúðlegri meðferð sem Krímtatarar hafa mátt sæta.“

Þá er þess krafist að flutningur fanga frá Krímskaga til Rússlands verði stöðvaður og þeim sem sakfelld hafa verið fyrir brot á rússneskum lögum á Krímskaga, samviskuföngum þar með talið, verði sleppt úr haldi. Evrópuþingið krefst þess jafnframt að Rússar stöðvi hernám sitt á Krímskaga og tryggji réttindi Tatara sem þar búa.

Í rússneska miðlinum Interfax er haft eftir Volodin að Dúman hafi fullan rétt til að banna Þórhildi

”

Þeim ber skylda til að hleypa mér inn í landið þegar ég óska eftir því, ef nefndin mín samþykkir það.



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir þingkona Pírata og formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsins.

Sunnu að koma til Rússlands vegna skýrslunnar, enda sé hún byggð á fölskum upplýsingum. Segist Volodin ætla að ræða skýrsluna við kollega sinn, Steingrím J. Sigfússon, og leggja fyrir rússneska utanríkisráðuneytið tillögu um að meina henni að koma til Rússlands.

Þórhildur segir efnislega gagnrýni Volodin á skýrsluna beinlínis ranga. „Við eigum eftir að sjá hvort eitthvað verði úr þessu sem hann segir,“ segir hún. Rússneskir fulltrúar hafi áður hótað að meina henni að koma til landsins vegna annarrar skýrslu um pólitíska fanga í Rússlandi.

Aðspurð um mögulega Rússlandsferð í náinni framtíð, svarar Þórhildur Sunna játandi. „Það er náttúrulega hluti af mínu umboði sem sérstakur skýrslugjafi um pólitíska

fanga í Rússlandi,“ segir hún og bætir við: „Þeim ber skylda til að hleypa mér inn í landið þegar ég óska eftir því, ef nefndin mín samþykkir það,“ segir Þórhildur.

Hún segist aldrei hafa heyrt neitt þessu líkt frá svo háttsettum aðila í Rússlandi áður.

Volodin hefur rætt um Þórhildi Sunnu við Steingrím J. Sigfússon, forseta Alþingis, að því er fram kemur á vef Alþingis. Í svari Steingríms til Volodin segir að „rétt væri að beina athugasemdum að Evrópuráðsþinginu sjálfu, en ekki skýrsluhöfundu, enda hefði skýrslan verið rædd þar og samþykkt með afgerandi meirihluta viðstaddra þingmanna.“ ■

[Sjá meira á **frettabladid.is**.](#)

Veldu Volkswagen
Sjö frábærir
tengiltvinnbílar fyrir þig

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · [www.hekla.is](#)

Veldu þinn uppáhalds tengiltvinnbíl á
[www.hekla.is/volkswagensalur](#)



Telur ólíklegt að eldgosinu sé lokið

arnartomas@frettabladid.is

ELDGOS „Það rýkur upp úr gígnum, og á meðan það rýkur upp úr þá er kvika í gígnum,“ segir Ármann Höskuldsson jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um litla virkni á gossvæðinu í gær. „Það er fullt af gasi sem kemur upp úr honum,“ segir Ármann um gíginn.

Vefmyndavélar sýndu litla sem enga virkni í gígnum í Geldingadölum í gærkvöld. Veðurstofa Íslands staðfestir að órói við Fagradalsfjall hafi minnkað töluvert.

„Of snemmt er að segja til um hvort þetta séu goslok, fyrir nokkrum dögum varð um sólarhringshlé í virkninni áður en hún tók sig upp aftur. Við munum fylgjast með gangi mála og meta stöðuna betur á morgun,“ segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.



Ef þetta gos er að stefna í stærri gerðina af dyngjugosi þá endar það með því að það verður hrauntjörn á gígsvæðinu.



Ármann Höskuldsson jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Þó nokkrar sveiflur hafa verið í virkninni á svæðinu undanfarna daga, sem Ármann segir að geti bent til að hrauntjörn sé að myndast.

„Ef þetta gos er að stefna í stærri gerðina af dyngjugosi þá endar það með því að það verður hrauntjörn á gígsvæðinu,“ segir hann. „Um leið og hún myndast þá verður allt rórra.“

Aðspurður um framhaldið og hvort eitthvað sé hægt að segja um hvar gjósi næst á Reykjanesinu, segir Ármann að ekkert sé öruggt.

„Við vitum auðvitað hvar er líklegast að gjósi á svæðinu, og hvar muni gjósa til lengri tíma lítið, en í náninni framtíð vitum við auðvitað ekkert fyrr en skjálftarnir byrja á ný og landið fer að rísa.“ **SJÁ SIÐU 4.**

Hátíð í bæ hjá hjólaköppum



Ný hjólabraut var formlega opnuð á Miðbakknum í Reykjavík í gær. Krakkar frá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur léku við hvurn sinn fingur á opunarhátíðinni og DJ De La Rosa lék listir sínar. „Brautin er hönnuð fyrir alls konar hjól: reiðhjól, hlaupahjól, hjólabretti, línuskauta, langbretti og sparkhjól. Hún þykir henta sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður því hún verður ekki hál í raka og rigningu og nýtist því vel flesta mánuði ársins,“ segir á vef Reykjavíkurborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áfallahjálp eftir hoppukastalaslys

arnartomas@frettabladid.is

AKUREYRI Sjö voru fluttir á sjúkrahús eftir að stór hoppukastali með fjölda krakka fauk á Akureyri. Einn var fluttur suður með sjúkraflugi.

N1-mót KA fer fram á Akureyri þessa dagana og voru einhverjir keppenda í hoppukastalanum. Ágúst Stefánsson, sem situr í mótstjórn, segir sum lið hafa fengið áfallahjálp.

„Einhverjir vildu til að byrja með færa leiki aftur, en eftir að hafa fengið áfallahjálp var talið best að strákarnir héldu bara áfram að spila til að hugsa um eitthvað annað,“ segir Ágúst. „Þetta hefur gengið furðu vel, en auðvitað hefur verið hræðilegt að vera þarna á svæðinu.“ ■

Rifjar upp gamla pítsutakta fyrir og eftir tónleika Góss

Hafliði Breiðfjörð, eigandi og ritstjóri á fótolti.net, hefur staðið í ströngu undanfarið. Til að hvíla höfuðið frá suðinu ætlar hann að rífa í pítsuspaðann og rifja upp gamla takta við tónleika Góss.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég rak pítsustað í nokkur ár og þó ég segi sjálfur frá þá er ég bara helvíti finn að gera pítsur,“ segir Hafliði Breiðfjörð, einn af eigendum fótolta.net.

Hafliði ætlar að standa vaktina í kvöld sem pítsubakari á Pizzavagninum, fyrir utan tónleika GÓSS í bragganum að Ásbrekku, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hafliði hefur verið að benda á, í stuttu máli, að Fótolti.net fékk ekki styrk frá ríkinu eins og aðrir einkareknir fjölmiðlar.

Á Bylgjunni í vikunni sagðist Hafliði ætla að kæra íslenska ríkið til eftirlitsstofnunar EFTA vegna mismununar sem hann segir hafa verið í styrkveitingum til fjölmiðla. Þá hefur hann einnig kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna nýs hlaðvarps fjölmiðlanefndar.

„Það er svolítið leiðinlegt að þurfa að dragast út í pólitík þegar maður er að reyna að reka lítið fyrirtæki í friði, en maður verður samt að berjast fyrir sanngirni,“ segir Hafliði, sem er einn færasti íþróttaljósmyndari landsins og yfirleitt bakvið vélna.

Hafliði segir að fyrir sér sé ekki erfitt að stíga fram í sviðsljósið, en hann hefur verið til viðtals í nánast öllum fjölmiðlum landsins.

„Ég hef alltaf lítið á þetta þannig að ef ég ætla að fá viðtöl frá fótolta-fólki þá þarf ég að vera tilbúinn að



Hafliði mundar spaðann af fagmennsku. Hann hringdi í systur sína og pantaði vakt kvöldsins þegar hann sá hverjir voru að spila í bragganum að Ásbrekku.



Mig langaði á þessa tónleika þannig að ég hringdi í systur mína og sagði að ég væri á vakt þetta kvöld.

Hafliði Breiðfjörð, eigandi og ritstjóri á fótolti.net.

segja já við öllum viðtalsbeiðnum. Þannig að ég mæti – þó það sé á ókristilegum tímum eins og 7:45 á Rás2,“ segir hann léttur.

Hafliði ætlar að hafa pítsuofninn heitan þegar svæðið opnar í dag klukkan 18. Systir hans rekur Pizzavagninn og nýtir enn uppskriftir og annað sem Hafliði var með er hann átti Pacman pizzur. Þá var systir hans í vinnu hjá honum, en snúast hlutverkin snúast við eina kvöldstund.

„Mig langaði á þessa tónleika þannig að ég hringdi í systur mína og sagði að ég væri á vakt þetta kvöld.“

Ég baka pítsur frá sex til átta og fer og horfi á þessa frábæru hljómsveit. Fer svo aftur út í vagn fyrir þá sem ætla að borða eftir tónleikana.“ ■





LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

www.lyfsalinn.is



Í dag er Safetravel dagurinn

Í tilefni dagsins verður björgunarsveitarfólk á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna til að ræða um slysavarnir og gefa góð ferðaráð.

Sjóvá er stoltur aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar.



Fordæmi í tímamótadómi í Hæstarétti um erfiða nágranna

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Þetta er tímamóta-dómur og fordæmisgefandi,“ segir Auður Björg Jónsdóttir, lögmaður kaupanda fasteignar í fjölbýlishúsi sem þarf ekki að borga lokagreiðslu íbúðarinnar, eina milljón króna, vegna galla á íbúðinni.

Gallinn er óstýrilátur nágranni sem hefur angrað íbúa hússins um árábil. Hæstiréttur sló því föstu í

gær að samskiptavandi í fjöleignar-húsi, sem ekki er nægilega upplýst um við sölu, geti talist til galla á fasteign.

Auður segir kaupandann hvorki hafa treyst sér til að búa í húsinu né bjóða leigjendum upp á þessar aðstæður.

Hæstiréttur vísar meðal annars til dóms héraðsdóms sem sakfelldi erfiða grannann fyrir að henda reiðhjól í bíl annars íbúa og



Auður Björg Jónsdóttir lögmaður.

slá hann tvisvar í andlit. Kvartanir hafi borist lögreglu vegna eignasþjalla og tilrauna til líkamsárása.

„Það kæmi mér ekki á óvart að hún myndi selja núna þegar mál-inu er lokið, en hún verður að gera það með upplýsingum um þennan galla,“ segir Auður. Um erfiðan galla sé að ræða. „Ef þú ert með ónýtar lagnir eða leka frá þaki er hægt að gera við það og losna við gallann. Hér getur eigandinn ekki gert það.“

Hæstiréttur segir að umfang gallans nemi ekki lægri fjárhæð en milljóninni sem haldið var eftir.

Auður segir að samkvæmt matsgerð seljist eign með svona nágrönn-um almennt á fimm til átta prósentu lægra verði en ógallaðar eignir.

„Ég tel alveg klárt að hún geti gert fjárkröfu sem nemur mismun-inum á þeirri milljón sem búið er að dæma um og þessum fimm til átta prósentum af söluverðinu.“ ■



Húð- og kynsjúkdómadeild.

Engin flensa en 29 fengu lekanda

urduryrr@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Engin tilfelli voru skráð af inflúensu á seinasta inflú-ensutímabili, veturinn 2020-2021, en síðustu fimm ár hafa að meðal-tali 476 tilfelli verið skráð á hverju tímabili. Þetta kemur fram í nýjasta fréttabréfi sóttvarnalæknis.

Að því er sóttvarnalæknir segir skýrist þetta líklegast af ferðatak-mörkunum og aðgerðum á landa-mærum. Þá hafi aldrei jafn margir verið bólusettir við inflúensu.



Hátt í fimm hundruð tilfelli innflúensu hafa greinst árlega en engin tilvik fundust síðasta vetur.

Mun færri greindust með lekanda það sem af er ári, samanborið við seinustu þrjú ár, en engin breyting er á tilfellum klamydíu og HIV.

Aðeins 29 einstaklingar greindu-st með lekanda frá janúar til maí á þessu ári, 21 karl og 20 með erlent ríkisfang. Á sama tíma á seinasta ári höfðu um 60 tilfelli greinst.

Uppsafnaður fjöldi klamydíu í maí á þessu ári var um 700, svipað og árið á undan. Fjöldi tilfella af HIV helst einnig sambærilegur milli ára, en þar hafa tólf greinst það sem af er ári.■

Fimmtíu ár í að Geldingadalagosið myndi dyngju á borð við Skjaldbreið

Varað er við því að hraunrennsli á Reykjanesskaga kunni að ógna innviðum ef ekki er gripið til forvarna.

thorgrimur@frettabladid.is

ELDGOS Þótt nokkurt hlé hafi byrjað í virkni eldgossins í Geldingadölum í gærkvöldi þykir of snemmt að lýsa yfir endalokum eldsumbrotanna.

„Ef gosið heldur áfram af sama krafti og nú, þegar tíu til tólf rúm-metrar eru að spúast út á sekúndu, þá er þetta sama rúmmál af gos-efnum og hrauni og kom upp þegar Skjaldbreiður myndaðist með gos-inu í Trölladyngju,“ sagði Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur við Háskóla Íslands, í viðtali á Hringbraut í gær.


„Þeir sem þekkja Skjaldbreið vita að hann stendur um 600 metra upp fyrir umhverfi sitt og er um það bil fimmtán til tuttugu kílómetrar í þvermál. Ef þetta gos stendur í 50 ár þá er mjög líklegt að það búi til svipað fyrirbæri.“

Standi gosið í þrjú og hálft ár, líkt og Surtseyjargosið 1963-1967, segir Þorvaldur að álíka mikið magn af hrauni muni koma upp á yfirborðið og myndaðist í Surtsey, eða í gosinu í Holuhrauni árin 2014-15.

Langtimahorfur gossins telur Þorvaldur talsverðar og segir hann jafnframt hugsanlegt að gosið geti annars staðar á Reykjanesskaganum.

„Við höfum séð tiltölulega djúpa skjálftavirkni mjög staðbundið á tveimur til þremur stöðum á Reykjanesskaganum,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið.

„Einn staðurinn er alveg úti á Reykjanesi og annar við Trölladyngjuna. Þessi skjálftavirkni getur verið að gefa til kynna að það



Ef gosið heldur dampi í fimmtíu ár kemur hraunið til með að renna út að 7,5 kílómetra radius frá gígnum.

Það er möguleiki á að gos frá Reykjanesskaga verði þannig að hraun flæði í átt að Vogum.

Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur við Háskóla Íslands.

se kvika að safnast fyrir neðarlega í skorpunni. Það getur leitt til þess á endanum að það verði nægileg kvikusöfnun þarna til að sú kvika leiti til yfirborðs og verði að eld-gosi.“

Þorvaldur leggur áherslu á að nauðsynlegt kunni að vera að skoða ákveðnar sviðsmyndir um fram-vindu gossins og taka ákvarðanir út frá þeim, til að verja innviði og byggðir sem hraunrennsli kunni að ná til.

„Eitt dæmi til dæmis er að nýlega var reist verksmiðja í Vogunum

sem er eina súrefnistöðkunarkerf-smiðjan á Íslandi. Þar er súrefni sett á tanka, sem er notað á spítölum hér og þar og alls staðar. Það er mögu-leiki á að gos frá Reykjanesskaga verði þannig að hraun flæði í átt að Vogum og þá væru mikilvægir inn-viðir hætt komnir,“ segir Þorvaldur. Þetta þurfi að hugsa um.

„Viljum við búa til aðra verk-smiðju annars staðar eða getum við reist varnargarð í kringum hana? Þessi atriði þarf að skoða bæði á Reykjanesskaganum og, já, líka á Reykjavíkursvæðinu.“ ■

Íslendingar vinna lengst í Evrópu

kristinnpall@frettabladid.is

ATVINNUMÁL Samkvæmt nýrri könnun Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins, vinna Íslendingar lengst allra þjóða í Evrópu, þrátt fyrir að árunum hafi farið fækkandi fjórða árið í röð. Meðal Íslendingur vinnur samkvæmt Eurostat í 44,9 ár en lægri meðalstarfsaldur hefur ekki verið í níu ár.

„Það er mismunandi álit á því hvort að hægt sé að horfa á þetta sem kost eða galla. Sumir vilja hætta fyrr, en aðrir eru að berjast fyrir rétti fyrir því að vinna lengur. Það þarf um leið að skoða innan hvaða atvinnugreina þetta er,“ segir Drífa Snædal forseti ASÍ, aðspurð hvort það sé jákvætt eða neikvætt að vera efst á þessum lista.

Meðal starfsaldur Íslendinga náði hámarki árið 2016 þegar hann mældist 47,4 ár og hefur hann því



Íslendingar byrja oft snemma að vinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

lækkað um 5,27 prósent á fjórum árum. Það kemur ekki í veg fyrir að Íslendingar séu með lengsta starfsaldur í Evrópu tíunda árið í röð, en Svisslendingar sem eru með næst

lengsta starfsaldurinn eru með 42,5 ára meðalstarfsaldur.

„Síðan er þetta auðvitað menn-ingarbundið. Í menningu Íslendinga er að byrja tiltölulega ung að vinna og að vinna lengi.“

Til samanburðar er meðalstarfsaldur innan ríkja Evrópusambandsins 35,7 ár, en Tyrkir reka lestina með 27,3 ára meðalstarfsaldur. Allar aðrar Evrópuþjóðir eru með þrjátíu ára meðalstarfsaldur eða lengri en ekki voru til tölur yfir Bretland fyrir árið 2020.

„Það er ein breyta sem hefur eflaust mikil áhrif á þessar niðurstöður og það er þátttaka kvenna á atvinnuþætti. Konur hafa verið með mun meiri atvinnuþátt-töku hér en víðast í Evrópu. Svo hefur atvinnuleysi yfirleitt verið í lægri kantinum á Íslandi sem verður til þess að það hækkar starfsaldur okkar Íslendinga.“ ■

SUMARTILBOÐ

Enders
Frá Pýskalandi

SUMARTILBOÐ
Kr. 139.900
Fullt verð kr. 149.900

TURBO ZONE
SIMPLE CLEAN

Sumartilboðum lýkur laugardaginn 3. júlí

FRÍ HEIMSENDING
Nánar á www.grillbudin.is

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi
Sími 554 0400
www.grillbudin.is

- **Aft 18,35 KW = 62.600 BTU**
- 800 °C TURBO ZONE™ Ofurbrennari
- 3 brennar úr ryðfriju stáli
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Gashella í hliðarborði
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Tvöfalt einangrað lok
- Gluggi – þú sérð hvað er að gerast
- Switch Grid grillgrindarkerfi
- Simple Clean kerfi = Mjög auðveld þrif
- Heat Range hitajöfnunar kerfi
- Grillflötur: 62x43 cm
- Stærð (BxHxD): 143,5 x 118,5 x 58 cm

Meira girnilegt



Badia kryddblöndur
Lemon Pepper & Citrus Salt

Verð frá **549** kr/stk



Humar í öskju

800 g - stærð 29/34

7.799 kr/pk

Verð áður 8.999 kr/pk



Meðlæti í álbakka
Tilbúið beint á grillið

Verð frá **649** kr/pk



20%
afsláttur

Kjúklingalundir

2.159 kr/kg
Verð áður 2.699 kr/kg



20%
afsláttur

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

599 kr/pk
Verð áður 749 kr/pk



20%
afsláttur

Lambakótilettur
Smjör og trufflumarineraðar

3.519 kr/kg
Verð áður 4.399 kr/kg



Útbúðu þína eigin acai skál
með Maikai og Sambazon



44%
afsláttur

Jarðarber - 500 g

499 kr/pk
Verð áður 899 kr/pk



Primal Kitchen
Innihalda engan viðbættan sykur,
transfitu, repjuolíu og engin aukefni

Verð frá **949** kr/stk

**TAX
FREE**
SNYRTIVÖRU
DAGAR

Taxfree* af öllum snyrtivörum
1. - 7. júlí

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP



Vilhjálmur og Harry við styttna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Prinsar heiðruðu látna móður sína

benediktboas@frettabladid.is

ENGLAND Prinsarnir Harry og Vilhjálmur, afhjúpuðu fallega styttnu af móður sinni, Diónu prinsessu, sem hefði orðið sextug í gær hefði hún lifað. Styttan stendur í hallar-görðum Kensingtonhallar, nánar tiltekið í The Sunken Garden, sem var miklu eftirlæti hjá Diónu. Bræðurnir virtust gleyma stund og stað og fór vel á með þeim. ■



Bandaríkjamenn geta valið um þrjú kyn
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bæta þriðja kyni við vegabréfin

kristinnpall@frettabladid.is

BANDARÍKIN Yfirvöld í Bandaríkjunum vinna nú að breytingum á bandaríska vegabréfinu þar sem boðið verður upp á þriðja kynið, merkt X, fyrir þá sem skilgreina sig hvorki af karl- né kvenkyni. Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kynnti þessar breytingar á miðvikudaginn. Með breytingunum verður íbúum Bandaríkjanna gert kleift að ákveða sjálfir kynið sem er skráð í vegabréfið, en áður stóð til boða M fyrir karl (e. male) eða F fyrir konur (e. female). Ekki verður gerð krafa um læknisfræðilega staðfestingu á kynleiðréttingu til þess að breyta um kyn í vegabréfinu og sagði Blinken þetta skref í átt að auknu frelsi allra íbúa Bandaríkjanna, þar á meðal LGBT fólks. „Þetta er erfitt í framkvæmd en við erum að vinna að því að finna bestu leiðina til að nálgast markmið okkar,“ sagði Blinken. ■

Ný sundlaug í Urriðaholti opnuð með haustinu

svavamarin@frettabladid.is

GARÐABÆR Ný sundlaug í Urriðaholti í Garðabæ verður opnuð almenningi á næstunni. Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf. segir að það liggi ekki enn fyrir hvenær hún verði opnuð og segir nákvæma tímasetningu vera á forræði bæjaryfirvalda í Garðabæ. Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sérverks, sem er byggingaraðili sundlaugarinnar, segir innilaugina verða tilbúna til afhendingar í haust og á skipulagi sé útilaug og þrír heitir pottar. Aðspurður hvort rennibraut sé á teikningunum, segir hann það mál ekki fullklárað. „Það vantar allt um það mál,“ segir Elías. Í Garðabæ eru nú þegar tvær



Flisalögð sundlaugin tekur á sig mynd.

MYND/SÉRVERK


almenningsundlaugar, í Ásgarði og við Breiðumýri á Álftanesi og mun sundlaugin í Urriðaholti verða sú þriðja í bæjarfélaginu. Urriðaholt í Garðabæ er ört stækkanði hverfi sem gerir ráð fyrir 4500 manns þegar það verður fullreist og hefur verið í stöðugri uppbyggingu síðustu árin. Á vef hverfisins kemur fram að með því að beina þjónustu íbúa á einn stað myndast þéttara samfélag og bæjarbragur. Hverfið er það fyrsta á Íslandi til að fá vistvottun skipulags (BREEAM Communities) til þess að tryggja lífsgæði og umhverfisvernd með vistvænu skipulagi hverfisins. Urriðaholt liggur við friðlandið Heiðmörk, sem er eitt stærsta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem göngu- og hjólastigar eru beintengdir við hverfið. ■

Tilkynna um furðuhluti yfir Íslandi

Miðstöð í Bandaríkjunum safnar tilkynningum um fljúgandi furðuhluti hvaðanæva úr heiminum. Í gagnasafni hennar má finna fjölda frásagna af óútskýrdum hlutum yfir Íslandi.

urduryrr@frettabladid.is

STJÖRNUVÍSINDI Nítján tilkynningar um fljúgandi furðuhluti yfir Íslandi hafa borist bandarískri miðstöð tilkynninga um fljúgandi furðuhluti (NUFORC). Miðstöðin er sjálfstætt starfandi og hefur tekið á mót rúmlega 134 þúsund tilkynningum símléiðs og rafrænt frá árinu 1974. Tilkynningarnar eru flestar sendar af almennum borgurum sem telja sig sjá óútskýrðan hlut á himni. Samkvæmt heimasíðu miðstöðvarinnar fær hún áframsendar tilkynningar frá öðrum stofnunum Bandaríkjanna, til dæmis herdeildum, NASA og neyðarlinunni. Í handbók Flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) um flugumferðarstjórnun er starfsfólki benti á að senda tilkynningar um fljúgandi furðuhluti til miðstöðvarinnar. Fimmán tilkynninganna um fljúgandi furðuhluti yfir Íslandi eru frá árunum 1997 til 2012. Ein tilkynning er frá árinu 2021, tvær frá níunda áratugnum og ein frá 1957. Allar tilkynningar eru nafnlausar. Nýjasta tilkynningin barst 21. mars 2021. Sá sem tilkynnir segist hafa séð margar bláar kúlur á sveimi yfir eldgosinu við Fagradalsfjall sem birtast og dofna til skiptis. Hann segir líklegt að margir aðrir



Kortið sýnir hvar atburðirnir eiga að hafa átt sér stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/REBEKKA



Það er kannski ekki skrítið að fólk telji sig sjá furðulega hluti á íslenskum himni. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

hafi orðið vitni að atburðinum sem hafi staðið yfir í fimmtán mínútur. Þann 9. ágúst 2009 var tilkynnt um brotlendingu fljúgandi furðuhluts nálægt sveitabæ hjá Akureyri. Sá sem tilkynnti sagðist hafa séð grænt ljós yfir fjalli í fjarlægð. Ljósið hefði fallið til jarðar með reykmoökk á eftir sér og við lendingu komið enn meiri reykur. Hann sagðist ekki hafa fundið nein ummerki um hlutinn en búið sé að útiloka blys. Ekki kom fram hvernig það var gert. Tilkynnt var um fljúgandi sívalning á gönguleið nálægt Ísafirði 12. október 2004. Sá sem tilkynnti sagði hlutinn hafa verið á sveimi



Nýlegast var tilkynnt um margar bláar kúlur á sveimi yfir eldgosinu í Fagradalsfjalli, stuttu eftir upphaf gossins.

undir kletti, ekki hafa neinar hurðir eða glugga og vera málmlitaðan. Þá sagðist hann ekki geta horft lengi á hlutinn án þess að fá illt í augun. Hann sagði þrjár ómerktar orrustubotur hafa flogið í lágflugi nokkrum sinnum yfir svæðið. Þegar þær voru farnar hafi hluturinn flogið hljóðlaust í burtu. Hann segist hafa fundið fyrir miklum þrýstingi í höfðinu þegar hluturinn flaug yfir, auk þess að úrið hans hafi stöðvast. Tilkynning barst árið 2000 um atburð sem átti sér stað fimmtán árum áður, 15. janúar 1985. Tilkynnt um ljós sem blikkaði til skiptis, rautt, grænt og hvítt, í rúmlega níu kílómetra hæð yfir sjó á leið frá Íslandi til Kanada. Sá sem tilkynnti var flugmaður á herþotu. Hann segir alla um borð hafa séð sama hlut en ratsjána ekki hafa greint hann. Hluturinn hafi verið um 120 kílómetra fyrir framan flugvélinu og haldist þar í tuttugu mínútur. Þá hækkaði hann flugið í rúmlegað tuttugu kílómetra hæð og færist yfir flugvélinu áður en hann lét sig að lokum hverfa. ■

Sjá meira á frettabladid.is.

Manic Panic
hárlitirnir fást
hjá okkur
sendum um allt land

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Tvöfalt fleiri bílar seldir á milli ára

kristinnpall@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Samkvæmt nýjustu tölum Bilgreinasambandsins var 122% aukning í sölu nýrra bíla í júnimánuði á milli ára. Það helst í hendur við fyrri tölur og hefur átt sér stað 44,1 prósentis aukning á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við fyrstu sex mánuði síðasta árs. Mesta aukningin átti sér stað í flokki bílaleigubíla þar sem aukningin var upp á 320 prósent. Einstaklingar keyptu rúmlega sex hundruð bíla, sem var aukning um 41,6 prósent á milli ára, en um helmingur allra selda bíla í júnimánuði var til bílaleigufyrirtækja. „Þetta eru jákvæðar fréttir. Það virðist vera komin meiri efnahagsleg bjartsýni og við finnum alveg fyrir meiri jákvæðni í samfélaginu,“



Nýir bílar seljast eins og heitar lummur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

segir Brynjar Elefsen Óskarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá BL, spurður um tölur júnimánaðar. „Um leið er jákvætt að sjá að þótt að það sé ekki komið á þann stað sem þetta var hér á árum áður þá er veruleg aukning í sölu til bílaleiga frá því í fyrra.“ Um tveir þriðju af öllum seldum

bílum í síðasta mánuði voru nýorkubílar, bílar sem ganga fyrir rafmagni, metani eða tvínnbílur, sem ganga fyrir tveimur orkugjöfum. „Það er óhætt að segja að flestir sem komi hingað inn séu með annað augað á þessum nýorkubílum. Við finnum fyrir miklum áhuga.“ ■



5 kr.
af eldsneytis-
lítranum renna til
Slysavarnafélagsins
Landsbjargar
í dag!

x4
Vildarpunkta-
safnarar fá fjórfalda
Vildarpunkta Icelandair
hjá Olís og ÓB
alla helgina

-25 kr.
fyrir lykil- og kort-
hafa Olís og ÓB*
- aðeins í dag!

DÆLUM TIL GÓÐS OG FERÐUMST ÖRUGGLEGA

**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG OPNAR SAFETRAVEL-DAGINN OG FYLGIR
HÁLENDISVAKT SUMARSINS ÚR HLAÐI HJÁ OLÍS NORÐLINGAHOLTÍ Í DAG KL. 16-19**

Í dag kl. 16-19 ætla félagar úr Slysavarnafélaginu Landsbjörg að mæta á 50 staði um allt land, þ.á m. Olís-stöðvar, afhenda öikumönnum fræðsluefni og hvetja til ábyrgar aksturs- og ferðahegðunar.

Af því tilefni fá lykil- og korthafar Olís og ÓB 25 kr. afslátt af hverjum eldsneytislítra í dag og 5 kr. af hverjum seldum lítra renna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Auk þess fá Vildarpunktasafnarar fjórfalda Vildarpunkta Icelandair hjá Olís og ÓB alla helgina.



- SAFETRAVEL er samstarfsverkefni opinberra stofnana og fyrirtækja sem ásamt Slysavarnafélaginu Landsbjörg hafa það að markmiði að auka forvarnir og fyrirbyggja slys í ferðamennsku og ferðaþjónustu hérlandis.
- Á vefsíðunni **www.safetravel.is** finnur þú meðal annars Íslandskort þar sem á einum stað má sjá færð á vegum, veður, vefmyndavélar, aðstæður á ferðamannastöðum, vindhviður á vegum og fleira. Allt á einum stað fyrir öruggt ferðalag.



Ferðumst örugglega í allt sumar!

Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Vinur við veginn

**Afslátturinn gildir ekki á ÓB-stöðvunum við Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup, Hamraborg og Hlíðarbraut. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.*

Meðbyr



Hörður
Áegisson
hordur
@frettabladid.is

Hagkerfið ætlað að koma ágætlega undan kófinu eftir að búið er að afnema nánast allar sóttvarnaráðstafanir. Litið til baka hlýtur það að vera sanngjarnt mat flestra að ríkisstjórnin, Seðlabankinn, sótt-varnayfirvöld, heilbrigðiskerfið, ásamt auðvitað fyrir-tækjum og almenningi, hafi heilt yfir staðið sig vel – og réttar ákvarðanir, í flestum tilfellum, verið teknar til að lágmarka skaðann fyrir samfélagið. Eftir að búið er að bólusetja meginþorra landsmanna, og faraldurinn því að baki, er útlit fyrir kraftmikla viðspyrnu og að hag-vöxtur í ár verði meiri en áður var spáð. Batamerkin eru víða. Fjöldi lausra starfa eykst hratt, útlán til fyrirtækja eru að vaxa á nýjan leik og erlendir ferðamenn streyma til landsins. Þá hafa vel heppnuð útboð og skráningar fjögurra fyrirtækja, sem starfa í ólíkum atvinnugrein-um, undirstrikað bjartsýni fjárfesta og almennings, á horfurnar í íslensku efnahagslífi.

Frá því að faraldurinn braust út hefur Seðlabankinn gegnt lykilhlutverki í að milda efnahagslegu áhrifin. Stærstu aðgerðir bankans voru að lækka vexti í 0,5 prósent, afnema sveiflujöfnunaraukann ofan á eigin-fjákröfur bankanna til að fá þá til að dæla út fjármagni í hagkerfið – samtímis því að setja réttilega hömlur á arðgreiðslur og kaup þeirra á eigin bréfum – og standa fyrir gjaldeyrisinngripum til að tryggja stöðugleika á gengi krónunnar. Í stórum dráttum tókst vel til. Lágir vextir hafa aukið ráðstöfunartekjur heimilanna og þeir skiptu sköpum við að hindra alkul á byggingamarkaði. Hliðaráhrifin voru hratt hækkandi fasteignaverð sem hefur átt sinn þátt í aukinni verðbólgu.

Ákvörðun Seðlabankans um að virkja þjóðhagsvar-úðartæki sín, með því að lækka hámark veðsetningar-hlutfalls fasteignalána til neytenda úr 85% í 80%, var viðbúin. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri lýsti henni í viðtali við Fréttablaðið sem forvarnaraðgerð sem væri „ætlað að koma í veg fyrir bóllumyndun, þar sem kaupendur gera ráð fyrir að fasteignamarkaðurinn búi til eigið fé úr engu.“ Ólíklegt er að slík lækkun veðsetn-ingarhlutfallsins, sem ætti að óbreyttu að draga úr þörfinni á því að bankinn þurfi að hækka vexti þegar fram í sækir, hafi einhver veruleg hamlandi áhrif á markaðinn, en hins vegar, eins og seðlabankastjóri bendir á, má færa fyrir því rök að aðgerð sem þessi hefði getað aftrað þeirri fasteignabólu sem var blásin út eftir 2003.

Seðlabankinn stendur því frammi fyrir nýjum – og sumpart flóknari – áskorunum nú, þegar það er meðbyr með hagkerfinu og við sjáum sterka undiröldu í gjaldeyrisköpun í ólíkum atvinnugreinum. Verðbólga-mælist yfir fjögur prósent og ljóst að bankinn vill síður þurfa að ráðast í brattar vaxtahækkanir sem gætu sett strik í reikninginn, samtímis því að atvinnulífið er að spyrna við fótum. Hækkandi gengi krónunnar ætti að hjálpa við að halda verðbólgunni niðri, en verði framhald á þeirri þróun mun það skerða samkeppnis-hæfni útflutningsgreinanna á viðkvæmum tíma. Seðla-bankinn hefur sýnt að hann mun bregðast við slíkum sveiflum með því að kaupa gjaldeyri og þannig halda aftur af gengisstyrkingunni, en hin leiðin væri einnig að hækka 50 prósentu þakið á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Aðstæður til að stíga það skref eru nú að skapast. ■

Seðla-
bankinn
stendur
því frammi
fyrir
nýjum – og
sumpart
flóknari
– áskor-
unum nú,
þegar það
er meðbyr
með hag-
kerfinu.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

Húmor

Orð Ásgeirs Jónssonar Seðla-bankastjóra í Fréttablaðinu í gær ollu nokkru uppnámi hjá ýmsum. „Það liggur alveg fyrir, sama hvernig menn snúa því fram og til baka, að sú ákvörðun Reykjavíkurborgar, að brjóta ekki nýtt land undir ný hverfi, hefur áhrif á fasteignaverð í allri borginni,“ sagði bankastjórinn. Kristrún Frostadóttir, fram-bjóðandi Samfylkingarinnar brást við og sagði á Facebook síðu sinni: „Þú hlýtur að vera að grínast.“ Húmor Samfylkingar-fólks er ekki beysinn ef þessi orð bankastjórans eru talin húmor á þeim bæ.

Erfiðir grannar

Tímamótadómur féll í Hæsta-rétti í gær þar sem allir selj-
endur fasteigna þurfa nú að tryggja að upplýsa kyrfilega um erfiða nágranna. Dómurinn er talinn hafa viðtækt fordæmis-gildi og gildir sennilega um alla erfiða nágranna á landinu. Fasteignasalar og seljendur fasteigna þurfa nú að tryggja að kaupendum sé gerð grein fyrir stöðunni ef þeir flytja við hliðina á liði sem kaupir alltaf finni bíl en allir hinir í götunni, mun það nefnast „Tesla-klausu“ í samningum um fasteigna-viðskipti. Þá þarf að gefa upp upplýsingar um alla mögulega „græjukalla“ í hverfinu og liðið sem fer að röfla um nýja, flotta, heita pottinn sinn að fyrra bragði. ■

Stafræn Reykjavík vekur heimsathygli



Dóra Björt Guð-
jónsdóttir
formaður mann-
réttinda-, nýsköp-
unar- og lýðræðis-
ráðs Reykjavíkur
og borgarfulltrúi
Pírata.

Þetta er
vegleg
viðurkenn-
ing á því
brautryðj-
endastarfi
sem unnið
hefur verið
á vettvangi
borgarinn-
ar síðustu
misseri.

Reykjavík fær kröftugan byr undir báða vængi í sinni stafrænu vegferð þar sem hugvit og tækni er nýtt til að nútímavæða þjónustuna á forsendum íbúans.

Nýlega náði Reykjavík þeim merkilega árangri að vera valin ein af tveimur þátttökuborgum Evrópu í samstarfsverkefni sex borga víðs vegar um heiminn við Bloomberg Philanthropies og Harvard háskóla. Sam-starfið snýst um að hraða stafrænni umbreytingu og þjónustumiðaðri nýsköpun til að skapa aukin lífsgæði fyrir íbúana í kjölfar heimsfaraldursins.

Hér fær Reykjavík aðgang að helstu sérfræðingum í heimi á sviði stafrænnar umbreytingar, auk tæplega 300 milljóna króna styrks fyrir nýsköpunarteymi, sem mun stýðja við metnaðarfulla, stafræna vegferð borgarinnar.

Þetta er vegleg viðurkenning á því brautryðjenda-starfi sem unnið hefur verið á vettvangi borgarinnar síðustu misseri, en í þessu felst ekki bara klapp á bakið fyrir vel unnin störf, heldur líka trú á getu borgarinnar til að fylgja eftir metnaðarfullum áætlunum næstu þrjú árin, ásamt trausti á þeirri stafrænu vegferð sem fram undan er.

Snemma á kjörtímabilinu var þjónustu- og nýsköp-unarsvið sett á laggirnar með pólitíska stöð í mann-réttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. Með því var innleiðing þjónustustefnu Reykjavíkur og stafræna umbreytingin sett í algjöran forgang. Stafræn fag- og upplýsingatækniteymi tóku að starfa og djúp þekking fór að myndast í gagnagreiningu og gervigreind, með stofnun gagnateymis og stöðu gagnastjóra. Með Græna planinu var ákveðið að ráðast í stórt átak í stafrænni umbreytingu með margföldun fjármagns innan mála-flokksins, 10 milljörðum á þremur árum.

Píratar hafa leitt þessa vinnu á vettvangi mannrétt-inda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, ásamt vinnu við gerð þjónustustefnunnar á síðasta kjörtímabili. Lykil-atríði í kosningaaðherslum okkar voru nútímavæðing þjónustu, fjárfesting í gagnsæi og hagnýtingu gagna, sem og ráðning gagnastjóra borgarinnar, sem hefur allt gengið eftir. Traust stjórn Pírata skilar árangri. ■

ÚTSALAN
ER HAFIN
10-60%
AFSLÁTTUR

★ ★ ★

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Langtímaáhrifin

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Það er auðvitað að bera í bakkafullan lækinn að skrifa eða tala meira um kórónuveirukvikindið – flestir vilja væntanlega gleyma þeirri óværu hið fyrsta – en engu að síður er ærið tilefni til að segja nokkur orð í tilefni af mjög ánægjulegum tímamótum sem orðið hafa í viðureigninni við faraldurinn. Það er semsagt búið að láta af öllum takmörkunum og grímuskyldu innanlands, sem var orðinn langþráður vörðusteinn í þessu últramaraþoni. Þjóðin fagnar. Partihald er byrjað. Skemmtistaðir stútfullir af faðmandi fólki. Koss á kinn vinafólks í upphafi grillveislu er ekki lengur gróft brot á reglugerð frá heilbrigðisráðuneytinu, þjóðfélagslegt glapræði og lífshættulegt

virðingarleysi við almannavarnir. Við megum heilsast. Maður á eftir að melta þennan tíma. Þetta upplifðum við semsagt saman, mannfólk allt. Heimsfaraldur. Það á ábyggilega eftir að koma í ljós að þessi sammannlega reynsla mun hafa djúpstæðari áhrif á menningu og tilvist jarðarbúa en mann órar fyrir akkúrat núna. Það urðu skil í tímanum. Svo mikið nýtt gerðist á svo skömmum tíma – hlutir sem veröldin hefur aldrei upplifað áður – að það er ómögulegt að ímynda sér annað en að grunnforsendur lífsskilningsins hafi á einhvern hátt breyst. Við eigum eftir að sjá hvernig, en vissar vísbendingar eru þegar til staðar. Bók sem samin er fyrir Covid er öðruvísi en bók sem er samin eftir Covid. Viðtal sem tekið var við manneskju fyrir faraldur er orðið eldra og úreltara en það hefði annars verið. Veröldin skiptist í fyrir og eftir Covid. Kannski munu skilin mást út, en allverulegar ástæður eru þó fyrir hendi til þess að velta upp þeirri grundvallarspurningu á þessum tímamarki, hvernig veröldin muni þróast núna í framhaldinu. Covid-19 er margslunginn sjúkdómur. Fáir gátu ímyndað sér slíkan sjúkdóm. Hann passar illa

Maður á eftir að melta þennan tíma. Þetta upplifðum við semsagt saman, mannfólk allt. Heimsfaraldur.

í box. Í sjónvarpsþáttaröðinni The Walking Dead fær fólk vírus og breytist í afturgöngur. Einfalt mál. Ekki þokkafullar afturgöngur eins og í Kötlum, heldur ógeðslegar og hryllilegar afturgöngur. Svo ganga þær um með signa húð og gefa frá sér búkhljóð þar til einhver stingur þær í höfuðið eða bindur saman skóreimarnar svo þær detta (sem ég hef reyndar aldrei séð gert í sjónvarpsþáttaröðinni, en er auðvitað þjóðráð). Punkturinn er þessi: Þegar fólk ímyndað sér sjúkdóm sem herjar á mannkyn, er hann yfirleitt skýr, hræðilegur og einfaldur. Covid er hins vegar

flókin veira. Sumir fá engin ein-kenni en smita samt. Sumir verða veikir í langan tíma. Aðrir jafna sig fljótt. Sumar finna ekki lykt af kaffinu sínu. Aðrir deyja. Kórónuveiran er eins og rúlletta. Í því felst andstyggð hennar. Þannig að: Hvernig breytist mannkyn sem fær slíka tilvistarlega sendingu? Jú, vissulega munum við nota Zoom töluvert meira og sögnin að summa er orðin til. Og vafalítið höfum við uppgötvað að það er hægt að vinna meira að heiman og það þarf ekki að ferðast á alla fundi. Svo hafa kannski einhverjir uppgötvað nýjar hliðar á sjálfum sér á tímum samkomubanns, sem verður upphaf að einhvers konar nýjum lífsstíl, en ég held þó ekki að hinar stóru breytingar muni endilega felast í þessum hlutum. Ef ég klæði mig í spádómsklæði finnst mér líklegt að stóru áhrifin muni einkum felast í tvennu: Í fyrsta lagi hefur faraldurinn sýnt að gríðarleg aðlögunarhæfni, geta og samtakamáttur býr með mannkyninu, sé þörf á. Vitneskjan um breytt mörk hins mögulega mun hafa viðvarandi áhrif á það hvað telst raunhæft að gera í viðureigninni við aðrar aðsteðjandi ógnir, einkum í loftslagsmálum. Í öðru lagi er líklegt að faraldur-

inn hafi langvarandi áhrif á það hvernig fólk hugsar samband sitt við vinnu. Fregnir berast af því, bæði innanlands og frá útlöndum – ekki sist Bandaríkjunum – að fólk hafni því að mæta aftur til fyrri starfa, nú þegar þjóðfélögin eru að opnast. Þetta kann að hljóma slæmt, en er í raun til vitnis um vissa fegurð: Eftir Covid gerir fólk kröfur. Í hlaðvarpi bandaríska fjölmiðlamannsins Ezra Klein var gripið til áhugaverðrar samlíkingar nýverið. Gríðarlegur fjöldi fólks missti vinnuna í flestum þjóðfélögum. Segjum sem svo að faraldurinn hefði frekar haft þau áhrif að um helmingur para skildi. Myndum við ætlast til þess þegar faraldri lýkur, að þörin tækju aftur saman? Ég held ekki. Á sama hátt kemur nú í ljós, að tilætlunar-semin um að fólk snúi aftur til fyrri starfa – oft við ömurleg kjör og mannskemmandi aðstæður – er gjörsamlega óraunhæf. Hafin er stórukeppni á vinnumarkaði hér á landi og erlendis. Atvinnurekendur vilja fá fólkið aftur og og að það hefjist handa eins og ekkert hafi í skorist. Vinnuaflíð segir nei. Ég held nú síður. Bæði áhrifin eru góð. Og hver veit? Svona gæti vírusinn mögulega bætt veröldina. ■



Hluthafafundur

Hluthafafundur Icelandair Group hf. verður haldinn rafrænt föstudaginn 23. júlí 2021. Streymt verður frá Hilton Reykjavík Nordica og hefst fundurinn kl. 16:00.

1. Tillaga um að auka hlutafé félagsins í tengslum við áskriftarsamning við Blue Issuer Designated Activity Company.
2. Tillaga um útgáfu áskriftarréttinda í tengslum við áskriftarsamning félagsins við Blue Issuer Designated Activity Company.
3. Kosning stjórnarmanns með fyrirvara um samþykki 1. – 2. liðar.

Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn skulu skrá sig með 3 daga fyrirvara. Skráning á fundinn fer fram á www.icelandairgroup.is/agm Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. í síðasta lagi kl. 16 þriðjudaginn 13. júlí 2021. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fund.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér hvernig þeir skuli bera sig að á fundarvef félagsins www.icelandairgroup.is/agm. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu atkvæða, form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins. Aðgangur að fundinum á Hilton Reykjavík Nordica verður opin og allar kosningar og umræður fara þó fram rafrænt.

1. **A proposal to increase the Company's share capital in relation to a subscription agreement made with Blue Issuer Designated Activity Company.**
2. **A proposal to issue Warrants in relation to a subscription agreement made with Blue Issuer Designated Activity Company.**
3. **Election of a Board Member subject to approval of items 1 – 2.**

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir fundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu á boðunardegi sem og allar aðrar tillögur, eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins www.icelandairgroup.is/agm

Hluthöfum er bent á að skv. samþykktum félagsins skal tilkynna skriflega, minnst sjö dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Skal framboðstilkynningum skilað til stjórnar í síðasta lagi föstudaginn 16. júlí 2021 kl. 16:00. Hægt er senda inn framboð á netfangið compliance@icelandairgroup.is

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins tveimur vikum fyrir fundinn, föstudaginn 9. júlí.

Allar nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.icelandairgroup.is Reykjavík, 02. júlí 2021. Stjórn Icelandair Group hf.

Frekari upplýsingar:
Ari Guðjónsson, yfirlögfræðingur
Netfang: ari@icelandairgroup.is

Merkisatburðir

- 1876 Alls 752 Norðlendingar leggja af stað til Ameríku með skoska gufuskipinu Verona.
- 1937 Snekkja Adolfs Hitlers, Aviso Grille, kemur til Íslands.
- 1948 Fyrsti sigur íslenska landsliðsins í knattspyrnu á sér stað í þriðja landsleik þess gegn Finnnum, sem endar með 2:0.
- 1990 Golfklúbbur Kópavogs er stofnaður.
- 1998 Skáldsagan Harry Potter og leyniklefinn eftir J. K. Rowling kemur út.
- 2000 Frakkar sigra Ítali 2-1 í lokaleik Evrópukeppninnar í knattspyrnu.
- 2001 Fyrsta sjálfvirka gervihjartað er grætt í Robert Tools í Bandaríkjunum.



Aviso Grille - snekkja Hitlers.



„Ég tók smá áhættu með dansinum en fékk jákvæð viðbrögð,” segir Þórgunnur Anna.

MYND/JULIETTE ROWLAND

Kem heim til Íslands í október

Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir náði þeim glæsilega árangri að ljúka meistaraþrófi í söng frá Det Kongelige Danske Musik-konservatorium í Kaupmanna-höfn með einkunnina 12, þá hæstu sem í boði er.

gun@frettabladid.is

„Auðvitað er gleðilegt að fá jákvæð viðbrögð og góðan vitnisburð. Þetta var óvænt ánægja,” segir söngkonan Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir, sem nýverið hélt útskriftartónleika sína við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og hlaut hæstu einkunn. „Þau voru undarleg þessi tvö ár sem ég hef verið í meistaranáminu, því helminginn af tímanum var stofnunin lokuð,” lýsir hún. „Mikið var samt gaman að geta haft lokatónleika nú, fjölskyldan mín kom út, það var mjög gleðilegt.”

Þórgunnur kveðst hafa sungið á latínu, grísku, spænsku, ensku, þýsku og frönsku. „Ég lagði allt í tónleikana og hafði með mér einvalalið hljóðfæraleikara. Hef gaman af að blanda saman ólíkum tónlistarstílum og reyna að skapa úr því eina heild. Í þetta sinn flutti ég ýmis nútímaverk, meðal annars eftir Sofíu Gubaidulinu, kammerverk skrifað fyrir tríóið mitt, KIMA ensemble og verk eftir Arne Mellnäs, sem ég söng án undirleiks og samdi hreyfingar við. Þetta tvínnaði ég saman við síðrómantísk ljóð samin um aldamótin 1900 og barokkaríur. Allt hverfðist þetta um þemað játningar, eða „Confessiones“ sem var yfirskrift tónleikanna.”

Nám í íslensku við Háskóla Íslands hafði sín áhrif á dagskrána, þannig að hún varð dálítið bókmennatengd, að sögn Þórgunnar. „Ég fléttaði inn ýmsum tilvitnunum héðan og þaðan, til dæmis úr Predikaranum, þælingum um ástarguðinn Eros og dauðahvatir Freuds. Hafði textana í efnisskránni á ensku en söng á upprunamálu. Þetta virtist virka vel og prófdómararnir voru hrifnir af þessari heildarmynd. En ég tók smá áhættu með dansinum en fékk jákvæð

”

Ég hef gaman af að vinna með tónskáldum og frumflytja ný verk, líka að standa á leik- og óperu-sviði - ég tala nú ekki um þegar maður fær að flytja nýja óperu!

viðbrögð. „Gaman að sjá söngvara nota líkamann líka, þeir mættu gera meira af því,” sagði einn prófdómarinn.“

Þýddi megnið af textunum

Þýðingar á textunum kveðst Þórgunnur hafa séð um sjálf að mestu, en fengið aðstoð hjá gríska slagverksleikaranum Katerinu Anagnostidou. „Við erum saman í tríóinu KIMI ensemble, ásamt harmóníkuleikaranum Jónasi Ásgeiri Ásgeirssyni. Við kynntumst við nám hér í skólanum og erum búin að spila saman í þrjú ár. Katerina og Jónas áttu stóran þátt í tónleikunum núna. Við fluttum meðal annars verk sem voru frumsamin fyrir okkur. Samsetningin slagverk, harmóníka og söngur er ekki alveg hefðbundin.“

Þórgunnur hefur búið í Köben í fimm ár og er enn á stúdentagörðum fyrir tónlistarfólk þar sem hún hefur æfingapláss. „Ég ætla að vera hér aðeins áfram, svo notum við líka æfingahúsnæði Katerinu slagverksleikara. Búum á Amager, þar er hálfgerð Íslendinganýlenda.“

Fullt að gera fram undan

Það er nóg að gera fram undan hjá Þórgunni. Þegar við tölum saman er hún einmitt að fara að syngja hlutverk Dídó í óperunni Dídó og Eneas í óhefðbundnum búningi, með listahópnum Biðstofunni, eða Kunstnerkollektivet Venteværelset, sem varð til í fyrstu lokun vegna Covid. „Þá tókum við okkur til og sköpuðum sýningu á Zoom sem við settum



Úr sýningunni Dídó og Eneas á vegum Kunstnerkollektivet Venteværelset í Christianiu sumarið 2020.

MYND/ANDREAS GRØNNING POULSEN

svo upp í húsagörðum í Kaupmannahöfn síðasta sumar og hefurundið upp á sig,” útskýrir hún og telur upp fleiri viðfangsefni á næstunni.

„Tríóið KIMI er að fara í vinnubúðir nú í júlí með tónskáldinu Þuríði Jónsdóttur sem er að semja við leikhúsverk, það er samnorðað verkefni sem er enn í vinnslu, við munum flytja tónlistina og verðum hluti af sýningunni. Svo er ég að syngja á UNM - Ung Nordisk Musik, sem er hátíð í Árósum í ágúst. Auk þess er ég að sýna óhefðbundna uppsetningu á Messíasi á hinsegin dögum hér í Kaupmannahöfn og kem heim til Íslands í október með tríóinu vegna tónleika í röðinni 15:15.“

Hún nefnir líka frumflutning á tveimur nýjum verkum eftir tónskáldið Finn Karlsson – annars vegar verk fyrir KIMA ensemble og hins vegar kammeróperu sem hann skrifaði fyrir hana og kammerhópinn NJYD. „Svo eru í bígerð ýmis óperuverkefni bæði í Kaupmannahöfn og heima; þar á meðal ný óperu-uppfærsla á vegum Biðstofunnar. Ég hef gaman af að vinna með tónskáldum og frumflytja ný verk, líka að standa á leik- og óperusviði – ég tala nú ekki um þegar maður fær að flytja nýja óperu! En ég er einnig mikið að syngja barokk – sem og síðrómantísk verk, eins og tónleikaprógrammið gaf til kynna.“ ■



Kær bróðir okkar og frændi, **Sigurður Valgeirsson Þormar**

Furugrund 34, Kópavogi, varð bráðkvaddur 27. júní sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 7. júlí, kl. 15.00.



Sigmar Þormar
Anna Þormar
Pétur Þormar

Alfa Kristjánsdóttir
Auðunn Guðmundsson

og frændsystkin.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Ragnheiður Zóphóniasdóttir**

Austurvegi 39, Selfossi, lést á heimili sínu 29. júní. Jarðarförin auglýst síðar.



Ingibjörg Stefánsdóttir
Margrét Stefánsdóttir
Jóhann Ingvi Stefánsson
Soffía Stefánsdóttir

Guðjón Haukur Stefánsson
Gylfi Guðmundsson
Elín Kristbjörg Guðbrandsd.
Reynir Guðjónsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir okkar, amma og langamma, **Helga Guðmundsdóttir**

Lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, 20. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



Magnús Magnússon
Elin R. Magnúsdóttir
Rúnar M. Magnússon

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku, ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Geir Ólafur Oddsson**

húsasmiðameistari, áður til heimilis að Nýhöfn 3, Garðabæ,



Lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 25. júní. Útförin fer fram frá Vídalinskirkju, þriðjudaginn 6. júlí, klukkan 13. Streymt verður frá útförinni: www.mbl.is/andlat.

Sigurður Ingi Geirsson
Kristjana Geirsdóttir
Gunnar Þór Geirsson
Arna Guðrún Geirsdóttir

Katrín Davíðsdóttir
Tómas Freyr Marteinsson
Elísabet Pálmadóttir
Evar Björn Þorsteinsson

afa- og langafabörn.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 2. júlí 2021

Fram undan er mikil ferðahelgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðahelgin er fram undan

sandragudrun@frettabladid.is

Nú er að ganga í garð ein mesta ferðahelgi ársins og veðurspáin lofar góðu víða um land á morgun. Margir kjósa að elta sólina og tjalda þar sem hún skín. Á Akureyri er spáð 18 stiga hita um hádegisbilið á morgun og því tilvalið að njóta helgarinnar þar og njóta þess sem höfuðstaður norðurlands hefur upp á að bjóða. Einnig er tilvalið að skella sér á hálendið og njóta ægífagurrar náttúru og kyrrðar. Á Hveravöllum til dæmis, ef spár rætast, verður 19 stiga hiti á morgun og heiðskírt.

Margt í boði

Ef fólk er síður að velta fyrir sér veðurspánni og vill frekar fara þangað sem fjörið er, þá eru ýmsar bæjarhátíðir í gangi um helgina sem gaman er að kíkja á. Á Akranesi eru írskir dagar um helgina en þeir hófust í gær. Þar er fjölbreytt dagskrá í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í Vestmannaeyjum stendur yfir goslokahtíð, Á Stokkseyri er Bryggjuhátíð og vilji fólk heim-sækja Vestfirði þá má kíkja á Markaðshelgi á Bolungarvík.

Það er allavega ljóst að enginn þarf að láta sér leiðast þessa helgina og eftir gráan júnímánuð, í það minnsta á suðvesturhorninu, virðist loks ætla að birta eitthvað til. Allavega í einn dag. ■



Hildur Þórðardóttir segir kraftaverkin enn geta gerst þegar fólk sé opið fyrir því að alheimurinn reddi málunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Alheimurinn borgar reikningana

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Hildur Þórðardóttir, rithöfundur og fyrrum forseta-frambjóðandi, er ævintýrakona. Hún segir gagnlegt að lesa sjálfstyrkingarbækur af og til og gæti allt eins hugsað sér að gefa kost á sér aftur.

„Bókin er ekki skrifuð af súper jákvæðri manneskju sem er með allt sitt á hreinu, eins og einhver gæti haldið. Þvert á móti var ég mjög langt niðri og langaði ekki að lifa lengur. Ég átti engan rétt á bótum, fannst ekki taka því að skrifa meira því það var svo lítið upp úr því að hafa, og var viss um að mín biði ekkert nema rútínuvinna, langt frá áhugasviði mínu, langt fyrir neðan getuna og sem ég

fengi leiða á eftir nokkra daga. Á þessum tíma lenti ég líka í slysi og þríbrotnaði, og viku seinna fékk ég botnlangakast og var skorin upp. Ég vissi að þetta var alheimurinn að spyrja hvort ég vildi virkilega deyja.“

Þetta segir Hildur Þórðardóttir, rithöfundur. Hún er nýbúin að senda frá sér bókina Lifið er yndislegt, Alheimslögmálin.

„Þótt þetta sé sjöunda bókin mín er ég ekkert orðin fullkomin. Þvert á móti, þarf maður alltaf að vera meðvitaður um að halda sér jákvæðum, elska alla og dæma aldrei. Þetta er eins og með hverja aðra íþrótt. Ef maður hættir að stunda hana, fer manni aftur. Þess vegna er svo nauðsynlegt að lesa

77
Ég vissi að þetta var alheimurinn að spyrja hvort ég vildi virkilega deyja.

eða hlusta reglulega á sjálfsstyrkingarbækur og halda sér við.“

Þessi nýja bók Hildar fjallar um 21 alheimslögmál sem verið hafa til eins lengi og mannkynið.

„Margir kannast við lögmál aðdráttaraflsins og karmalögmálið, en þau eru fleiri, til dæmis tíðnilögmálið, andstæðulögmálið, mótstöðulögmálið, samsvörunarlögmálið og lögmálið um ábyrgð,“ upplýsir Hildur.

Málið snúist ekki um að nota alheimslögmálin eða ekki, heldur að vinna með þeim eða á móti.

„Að þekkja ekki alheimslögmálin er eins og að spila fótbolta-leik án þess að þekkja reglurnar. Það er glatað að skilja ekki af hverju dómariinn flautar og dæmir

víti, eða af hverju okkur er vísað út af fyrir „ekki neitt“.

Missti trúna á lífið

Eigið viðhorf Hildar var henni til trafala.

„Það er erfitt að vera jákvæður þegar maður er búinn að missa trúna á lífið. Þegar ég kom til baka úr þriggja ára ferðalagi um heiminn hafði ég misst trúna á að alheimurinn sæi um mig. Úr því ég gat ekki lifað á skriftum, fannst mér lítill tilgangur með því að skrifa og þar með var enginn tilgangur með lífinu lengur. Eftir margra mánaða atvinnuleit gafst ég upp og ákvað að mér væri ekki ætlað að fá leiðinlega vinnu,“ greinir Hildur frá.

Morguninn eftir vaknaði hún með titil á nýju bókinni.

„Titillinn var að visu Lífið er gott, því það var eins jákvætt og ég gat hugsað mér. Bókin átti að fjalla um alheimslögmálin því ég vissi að það voru fleiri en ég sem þurftu að bæta viðhorf sitt og fara að vinna með lögmálunum. Bókin átti ekki síst að hjálpa sjálfri mér að öðlast trú á lífið á ný, með því að minna mig á lögmálin. Svona lauma andlegu leiðbeinendur mínir til mín hugmyndum að bókum. Og þeir hjálpa mér klárlega að skrifa, með því að senda til mín allt sem á að fara í bækurnar.“

Kraftaverkin gerast enn

Eftir því sem Hildur skrifaði meira, tileinkaði sér lögmálin og ákvað að alheimurinn myndi sjá til þess að hún gæti borgað reikningana, varð hún bjartsýnni.

„Og viti menn! Einn daginn var mér boðið að vera einn morgun í



viku í Betra lífi, þar sem hæfileikar mínir nutu sín. Þar hitti ég líka lesendur sem lýstu yfir hrifningu sinni á fyrri bókum mínum, sem var ómetanleg hvatning. Þegar ég var komin alveg í takt við lögmálin var mér boðið starf í rúm-fataverslun þar sem ég er enn og blómstra. Ef maður er ákveðinn í að það sé ekkert val, þá gerist ekkert skemmtilegt. En þegar maður opnar og leyfir alheiminum að redda málunum, þá fara kraftaverkin að gerast,“ segir Hildur og gleðst við.

Að hennar mati er heimurinn spegill á innra ástandi hvers og eins.

„Að vera í takt með lögmálunum gerir allt svo miklu betra.

Alheimurinn sér hlutina frá viðara sjónarhorni en við, og sumt gerir alheimurinn bara miklu betur en við. Ef við erum neikvæð, sjáum við ekkert nema það neikvæða. Ef við erum full af gremju, lendum við endalaust í gremjulegum aðstæðum. Með því að líta inn á við getum við hins vegar losað okkur við gremju og allt sem heldur okkur niðri. Þá skoppum við upp í tíðni eins og djúpteiktar bollur þegar þær eru tilbúnar.“

Andlaust leyndarmál

Alheimslögmálin urðu Hildi hugleikin eftir að hún las metsölubókina Leyndarmálið (e. The Secret), eins og meirihluti jarðarbúa. „En mér fannst áherslan á

efnisleg gæði í Leyndarmálinu vera innantóm og fráhrindandi. Það var ekki fyrr en ég las bók Diane Cooper, A little light on the spiritual laws, þar sem hún fjallar um alheimslögmálin í stóra samhenginu, að ég tók það í sátt. Aðdráttarafið virkar nefnilega ekki eitt og sér, heldur eru mörg lögmál sem hafa bein áhrif á hvernig okkur tekst að laða til okkar það sem við viljum. Höfundar Leyndarmálsins tóku út allt þetta andlega til að höfða betur til vísindalegrar hugsunar vestrænnar menningar, en þar með var ekkert eftir nema græðgin,“ segir Hildur.

Allar manneskjur þrá ást og frið

Hildur er fædd árið 1967 og ólst upp í Laugarásnum og Hafnarfirði.

„Ég er gömul sál sem þarf að hafa æðri tilgang með lífinu,“ segir hún um sjálfa sig, ævintýrakona og stolt móðir tveggja meiriháttar stráka sem pluma sig vel.

„Sem bogmaður er ég flakkari og þarf alltaf að vera að læra eitthvað nýtt. Ferðalög og búseta um allan heim hafa staðfest það sem ég vissi: Að fólk er alls staðar eins og þráir ekkert annað en ást og frið. Ég fór einmitt til Mið austurlanda til að sýna fram á að þar væri venjulegt fólk eins og hér. Mér fannst líka áhugavert að kynnst landlausu fólki frá Palestínu og finna að það er gestrisnast af öllum,“ segir Hildur, sem naut þess sérstaklega að vera í Amman, höfuðborg Jórdaníu.

„Þar var ég ein af örfáum vestrænum konum og leið eins og stríðsfréttaritara í landi sem aðeins þeir hugrökku þora að heimsækja. Karlmenn komu alltaf fram við mig af fullkominni virðingu, óskuðu mér meira að segja gleðilegra jóla um jólin, því þeir sáu auðvitað að ég var vestræn af því ég gekk aldrei með slæðu. Líbanon og Tyrkland fundust mér líka mjög áhugaverð út frá samfélagsgerðinni og sambýli ólíkra trúarhópa. Eftir stendur allt frábæra fólkið sem ég kynntist, því ég stoppaði nógu lengi á hverjum stað til eignast einstaka vini.“

Uggandi í vinnu hjá Harrods

Hildur er menntaður þjóðfræðingur og tiskumarkaðsfræðingur.

„Það er ekki hægt að setja mig í eitthvað hól,“ segir Hildur. „Ég er eins og amaba, alltaf að teygja mig í alls kyns óvæntar áttir. Alltaf að koma fólki á óvart sem telur sig þekkja mig vel.“

Hún segir fallega hönnun heilla sig meira en tisku.

„Mamma kenndi mér að sauma fót þegar ég var táningur og mig

langaði að verða fatahönnuður, enda elska ég falleg efni og liti. En hönnun virkaði óöruggur atvinnuvettvangur á þeim tíma og því svissaði ég yfir í tiskumarkaðssetningu, útlitsráðgjöf og litgreiningu á síðustu stundu,“ upplýsir Hildur sem elskar vönduð fót sem endast í tugi ára.

„Ég á nokkrar slíkar flíkur sem ömmur mínar eða frænkur áttu. Oftar en ekki, í spariboðum fjölskyldunnar, er ég með alla að handan með mér í flíkunum: er kannski í kjól af einni frænku og jakka af annarri, með tösku frá annarri ömmu minni og kápu frá hinni utan yfir allt,“ segir Hildur og brosir.

Eftir nám í tiskumarkaðsfræði freistaði hún gæfunnar í London.

„Þar vann ég um tíma í stórversluninni Harrods. Það var lærdómsríkt því sá vinnustaður var drifinn áfram af ötta. Eigandinn gekk daglega um verslunina í fylgd fimm lífvarða og yfirmennirnir notuðu óspart að hann myndi reka okkur fyrir minnstu yfirsjón. Þá var ég ekki búin að losna við óttann og fékk alltaf hland fyrir hjartað þegar ég heyrði hávært fótatak nálgast. Fyrirkomulagið virkaði ekki hvetjandi fyrir mig, svo í stað þess að vera alltaf skithrædd um að verða rekin, ákvað ég að verða fyrri til og hætta. En það er einmanalegt að búa ein í útlöndum og því kom ég aftur heim.“

Stórkostlegur en erfiður tími

Hildur tilkynnti framboð sitt til embættis forseta Íslands 2016.

„Ég bauð mig fram til að Íslendingar hefðu öðruvísi valkost en menn eins og þáverandi forseta. Mér finnst mikilvægt að hver sem er geti boðið sig fram, ekki bara þeir sem hafa öflugar valdablokkir á bak við sig. Þetta var bæði stórkostlegur tími og líka erfiður. Það er erfitt að vera stimplaður óvinur fólksins, ekki bara af almenningi og einkafjölmíðlum, heldur líka í ríkisfjölmiðli sem ég hélt að væri hlutlaus. Að mati samfélagsins var ég stórkostleg ógn við ríkjandi fyrirkomulag, talaði fyrir nýju stjórnarskránni og meira valdi til fólksins, og því þurfti að þagga niður í mér,“ segir Hildur.

Á sama tíma þótti henni yndislegt að hitta kjósendur sem skildu hvað hún stóð fyrir.

„Ég er enn að hitta fólk sem talar um hvað þetta hafi verið vel gert hjá mér. Ég er enn á þeirri skoðun að við getum lagt miklu meira af mörkum til friðarmála. Það er kannski það helsta sem ég vildi óska að ég hefði haft tækifæri til að gera. En þjóðin valdi nákvæmlega þann forseta sem endurspeglar hvar hún er stödd í þroska,“ segir Hildur.

Forsetaframboðið hafi verið gífurlega lærdómsríkt ferli.

„Ég bauð mig fram sem forseta af virðingu fyrir landi og þjóð því ég vildi leggja mitt af mörkum til að byggja upp góða þjóðarsál og stuðla að betri heimi. Ég gæti hugsað mér að bjóða mig fram aftur, en það þarf ansi mikið að breytast til að það verði. Til dæmis þarf fólk að hugsa sjálfstætt, ekki láta ákveða fyrir sig hvern á að kjósa, eins og gerðist þarna. Og fjölmiðlar verða að vera opnari fyrir öllum frambjóðendum.“

Bækur Hildar fást í Betra lífi, Forlaginu og Eymundsson. ■

Lengri útgáfu af viðtalinu má finna á [frettabladid.is](#)

REIÐHJÓL • FATNAÐUR • AUKAHLUTIR • VERKSTÆÐI

Njóttu sumarsins

Peloton ehf • Klettagarðar 23 • www.peloton.is

PELOTON

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðubundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sigríður Inga Sigurðardóttir sigridur.inga@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf	Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson	Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.
---------------------	----------------------------------	--

Ferðast um Ísland

FÖSTUDAGUR 2. júlí 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Hafnarfjörður, Courtyard by Marriott, Fish Partner



Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðar, ásamt fríðum hópi ungmenna sem sinna skapandi sumarstörfum til þess fallin að gæða bæinn enn meira lífi og fjöri í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Hjarta Hafnarfjarðar skín skært á Björtum dögum í allt sumar

Hafnarfjörður iðar af lífi þessa dagana á Björtum dögum, þar sem boðið er upp á ótrúlega fjölbreytta viðburði, tónlistaratriði og skemmtilega upplifun. Þá hefst bærar- og tónlistarhátíðin „Hjarta Hafnarfjarðar“ í næstu viku. **2**

„Bærinn skartar sínu fegursta í sumar og hefur verið lögð mikil áhersla á að snyrta hann vel og fegra. Blómaskreytingar hafa verið auknar undanfarin ár og við finnum að fólk kann vel að meta það. Litskrúðug blóm og snyrtilegt umhverfi hefur góð áhrif á okkur öll og er þakkað hve íbúar sjálfir leggja mikið upp úr því að fegra hús sín og garða. Allt hefur þetta áhrif á bæjarbraginn og upplifun íbúa og gesta,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri í Hafnarfirði, en mjög margt er í boði í Firðinum í sumar.

Styrkir fyrir listamenn
„Í ár verða svokallaðir „Bjartir dagar“ hattur fjölbreyttra viðburða og skemmtunar allt sumarið með tónleikum, myndlistarsýningum, fuglaskoðun, sögusýningum, leikskólalist, opnum vinnustofum listamanna, tilboðum í verslunum og fleiru. Ýmsir skemmtilegir viðburðir skjóta upp kollinum víðs vegar um bæinn, sem fylla bæinn lífi og list á þessum bjartasta tíma ársins,“ heldur Rósa áfram og bendir á að bærarstjórn Hafnarfjarðar hafi samþykkt aukna fjárveitingu í vor í „örstyrki“ til að styðja við lista-

fólk sem hefur áhuga á að setja upp nokkurs konar „pop-up“ viðburði og lifga þannig upp á tilveruna, oft óvænt eða með stuttum fyrirvara, hvort sem er með tónlist, dansi eða gjörningi. „Það er margt skemmtilegt sem komið hefur út úr því og ýmislegt fram undan sem við fáum að njóta. Listir og menning skipa mjög stórt hlutverk í bæjarlífinu,“ segir hún. „Í lista- og menningarmiðstöðinni Hafnarborg var nýlega opnuð sýningin „Hrynjandi“, sem er fyrsta sérsýning verka Guðmundu Andrésdóttur. Sýningin hefur

fengið mjög góðar viðtökur og listunnendur mega ekki láta hana fram hjá sér fara. Þessa dagana stendur líka þar yfir „Sönghátíð í Hafnarborg“, þar sem ægifagrir tónar óma um salina enda mætt til leiks einstakt úrval tónlistarmanna með fjölbreytta dagskrá. Hátíðin ber yfirskriftina „Seigl-an“. „Sönghátíðin í Hafnarborg“ hefur heldur betur fengið verðskuldaða athygli og viðurkenningu en hátíðin fékk nú í vor fyrstu verðlaun sem tónlistarviðburður ársins 2020, þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt. Stórskemmtileg

sýning „Kaupmaðurinn á horninu“ var nýverið opnuð í Byggðasafninu, en hún fjallar um sögu og þróun sem hófst í verslunarháttum í Hafnarfirði á þriðja áratug 20. aldar þegar segja má að þróast hafi litlar matvöruverslanir á öðru hverju götuhorni í bænum.

Gengið til fróðleiks
Á meðal þess sem hægt er að njóta í sumar eru árlegu menningar- og heilsugöngurnar sem farnar eru alla miðvikudaga yfir hásumarið. Þar hefur heppnast mjög vel samstarf menningarstofnananna og

heilsubæjarins, sem skipulagt hafa göngurnar og ákveðið fjölbreytt þemu og gönguleiðir.

Í lystigarðinum okkar, Hellisgerði, er Álfabúðin opin í sumar í hundrað ára gamla húsinu Oddrúnarbæ. Þar er einnig starfrækt lítið kaffihús þar sem mjög notalegt er að koma. Övæntar upþákomur, „pop-up“ jóga og fleira skemmtilegt verður á dag-skrá garðinum í sumar, sem vert er að fylgjast með. Á Strandstignum, sem liggur með fram mynni Hafnarfjarðar, setur Byggðasafnið reglulega upp sýningar sem varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði, en þeirra er tilvalið að njóta um leið og heilsubótargangan er farin. Strandstigurinn er ein vinsælasta göngu- og hjólaleiðin í bænum enda þaðan fögur sýn til allra átta, yfir fallega, gamla bæinn og út á höfnina og hafið. Það er því ljóst að sumarbærinn Hafnarfjörður er menningarlegur, liflegur og fallegur,“ segir hún.

Bjartir tónlistardagar

„Það sem líklega stendur upp úr þessa dagana er bæjar- og tónlistarhátíðin „Hjarta Hafnarfjarðar“ sem hefst í næstu viku, eða 7. júlí, á tónleikum okkar eina sanna Björgvins Halldórssonar. Síðan stíga á stökk hver stjarnan á fætur annarri og það í þrjár vikur, því hátíðin stendur yfir nánast allan júlímánuð að þessu sinni.

Hátíðin er nú haldin í fimmta sinn og hefur hún vaxið með hverju árinu. Stóru veislutjaldi verður slegið upp bak við Bæjarbíó, þar sem risaskjár verður settur upp og borð og stólar, til að gestir hátíðarinnar geti notið tónlistar og samveru jafnt innan sem utan dyra. Hátíðin hefur verið mjög vel sótt og aðsókn aukist jafnt og þétt. Meiriháttar skemmtileg stemning hefur myndast í kringum hana og gestir komið alls staðar að. Það hefur verið frábært að fylgjast með því hvað Bæjarbíó hefur slegið í gegn, sem afar vinsælt tónlistarhús. Þetta fallega og sögufræga hús hefur algjörlega gengið í endurnýjun lífdaga og fengið nýtt hlutverk, nú sem eitt af vinsælli tónlistarhúsum landsins,“ segir Rósa og heldur áfram:

„Aðstaðan hefur verið bætt verulega fyrir tónleikagesti en gullfallegur bar, „Mathiesen-stofa“, hefur verið innréttaður í húsinu við hliðina, opnað á milli og tengdur við Bæjarbíó. Þar er hægt að njóta drykkja og hafa það huggulegt. En vinsældir Bæjarbíós hafa ekki síst haft góð áhrif á starfsemi veitingahúsa bæjarins. Margir tónleikagestir ákveða að fara út að borða fyrir tónleika, jafnvel heilu hóparnir. Þegar það gerist nokkrum sinnum í viku hefur það afar góð áhrif á veitingarekstur í bænum og staðirnir lifa góðu lífi. Við erum mjög stolt af þeim flottu veitingastöðum sem hægt er að velja úr og sérlega gaman að sjá hve vinsælir þeir eru líka af gestum úr nágrannasveitarfélögum. Og það var einmitt í tengslum við hátíðina „Hjarta Hafnarfjarðar“ sem hugmyndin kom upp, um að útbúa fallegt hjarta í miðbænum og skreyta það á náttúrulegan hátt og prýða ljósum á jólum.

Hjörtu með aðdráttarafl

Mér fannst vanta eitthvað sem væri táknrænt fyrir þann hlýleika og bjarta anda sem við viljum skapa í bænum okkar. Og hvað gæti verið betra í þeim tilgangi en fallegt hjarta? Fyrst var hjarta sett upp við annan enda Strandgötunnar, gegnt Bæjarbíói, en stuttu síðar var annað hjarta skreytt og komið fyrir í Hellisgerði. Það er aldrei að vita nema þriðja hjartað verði svo komið á fallegan stað fyrr en síðar. Hjörtun hafa haft mikið aðdráttarafl og margir sem taka myndir af sér og sínum við þau.



Mér finnst mjög mikilvægt að passa upp á miðbæinn, reyna með öllum ráðum að styrkja hann og efla. Miðbærinn í Hafnarfirði er einstakur, með gömlu litríku húsunum, höfninni og hrauninu. Þann sjarma þurfum við að vernda og viðhalda. Í stóru bæjarfélagi eins og Hafnarfirði kemur ekkert í stað öflugs miðbæjar, þangað sem fólk vill koma til að versla, borða, rölta um og njóta. Því er ánægjulegt að sjá að hér hefur verslunum verið að fjölga og það jafnvel í miðjum faraldrinum; verslanir með listrænar vörur, hönnun, snyrtivörur og fatnað svo eitthvað sé nefnt.

Uppbygging og bætt þjónusta
Undanfarin ár hefur mannlíf í bænum aukist umtalsvert og erum við vitaskuld ánægð með þá þróun. Ekki einungis að Hafnfirðingar sjálfir njóti miðbæjarins heldur eru gestir að koma víða að. Fram undan eru svo framkvæmdir á Strandgötu 26-30, þar sem rísa munu hús sem verða tengd verslunarmiðstöðinni Firði og ný verslunarpláss verða til. Bókasafn Hafnarfjarðar mun flytja í húsnæðið og það verða eft sem nokkurs konar nútíma menn-

Það var einmitt í tengslum við hátíðina „Hjarta Hafnarfjarðar“ sem hugmyndin kom upp, um að útbúa fallegt hjarta í miðbænum og skreyta það á náttúrulegan hátt og prýða ljósum á jólum.

Rósa Guðbjartsdóttir.

ingarmiðstöð. Byggingarnar falla mjög vel að gömlu byggðinni og munu án efa styrkja miðbæinn til muna. Nú eru einnig að líta dagsins ljós hugmyndir að breytingum á svæðinu frá Linnetsstíg að Reykjavíkurvegi, þar sem gert verður ráð fyrir smekklegri og hóflegri uppbyggingu og meðal annars torgi fyrir framan ráðhúsið. Allar miða þessar hugmyndir að því að efla þjónustu og fjölga möguleikum til afþreyingar og búsetu í bænum. Það eru allir hjartanlega velkomnir heim í Hafnarfjörð.“ ■



Á Viðistaðatúni er tjaldsvæði Hafnarfjarðar, grillhús sem opið er öllum, útlitaverk, frísbíggolf og fjölbreytt leiksvæði fyrir börnin með kastala, ærslabelg og aparólu. Þar geta allir fundið afþreyingu við hæfi.



Dorgveiði á Flensborgarhöfn og Norðurbakka er vaxandi áhugamál í Hafnarfirði jafnt hjá stórum sem smáum. Tilvalið að skella sér í veiði, fá sér bolla og bakkelsi og kíkja á handverk, hönnun og list hjá listafólkinu á svæðinu.

Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar verður haldin í hjarta Hafnarfjarðar í júlí. Sumarið 2021 mun einkennast af „pop-up“ viðburðum og tónleikum.



Hellisgerði er lystigarður Hafnarfjarðar. Hrauni prýddur garður sem bæði geymir fallegar minningar og býður upp á mikil tækifæri til upplifunar.



Hvaleyrvatn er ein af fjölmörgum perlum í upplandi Hafnarfjarðar. Mikið líf og fjör er þar á góðum dögum og umhverfið nýtt til útivistar allt árið um kring.



FYLGIR ÞÉR ALLA LEIÐ

patagonia®

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  

Courtyard by Marriott – í hjarta Reykjaness

Einstakur byggingarstíll, hár gæðastaðall og rík áhersla á þjónustu við gesti, einkenna Courtyard by Marriott hótelið, sem staðsett er í um fimm mínútna akstursfjarlægð frá flugstöð Leifs Eiríks-sonar.

Courtyard by Marriott er rekið undir Marriott-keðjunni sem tryggir að gæðin séu ávallt í fyrirrúmi. „Við opnuðum hótelið að fullu með veitingastað og annarri þjónustu í janúar síðastliðnum og hér er allt glænýtt. Við leggjum mikið upp úr því að bjóða gestum upp á hæstu gæðastaðla í öllu, og þar með töldum rúmum og sængum.

Við bjóðum upp á 150 Deluxe herbergi, þar af eru 72 Deluxe King herbergi með tvíbreiðu rúmi og 78 Deluxe Twin herbergi. Átján af þessum herbergjum eru rýmri og bjóða upp á hjólastólaaðgang. Þá má samtengja þessi sömu átján herbergi við önnur herbergi svo þau henti fyrir fjölskyldur á ferðinni,“ segir Sigrún Ýr Hjörleifsdóttir, almannatengsla- og markaðsstjóri.

Einstök bygging

Bygging þessa glæsilega hótels er einstök í íslenskri byggingarsögu, en um er að ræða fyrstu svokölluðu „Plug and Play“ bygginguna. „Herbergin koma tilbúin með rúmum og öllu í eins konar einingum frá Kína, sem er smellið saman og mynda allt hótelið. Fyrsta hæðin er steypt en svo koma einingarnar ofan á grunninn. Aðferðin byggir á því að bera virðingu fyrir umhverfinu. Þá má flytja hótelið með litlu raski og við myndum í raun ekki skilja mikil ummerki eftir okkur í náttúrunni.“



Sigrún Ýr Hjörleifsdóttir almannatengsla- og markaðsstjóri hótelsins.

Ekki bara flugvallarhótel

„Sérstaða okkar er fyrst og fremst hentug staðsetning við flugvöllinn og þjónusta við ferðamenn í námunda við völinn. Fyrir Íslendinga sem eru að ferðast erlendis og þurfa að fljúga snemma, þá er tilvalið að byrja frið á kvöldverði og gistinótt hjá okkur og losna þannig við stressið að keyra upp á flugvöll yfir nóttina. Þá bjóðum við fólki upp á að geyma bílinn á staðinu hjá okkur meðan á ferðalaginu stendur.

Við erum samt miklu meira en bara flugvallarhótel,“ segir Sigrún Ýr. „Hér er fyrsta flokks veitingastaður og hágæða fundaðstaða. Hótelið er staðsett á Reykjaneskaganum í göngufæri við sögulegan miðbæ Keflavíkur. Allt í kring eru jarðfræðileg undur og gullfallegar náttúruperlur í nokkurra mínútna akstursfjarlægð. Við getum leiðbeint gestum um áhugaverða staði til að keyra á, en til dæmis er tilvalið að taka hring um hvítar strendur Garðsskagavita, Gunnhver og enda túrinn svo í Bláa lóninu.“

Veitingastaðurinn er „The Bridge“ á milli staða

Kokkurinn, Kacper Bienkowski, kemur upphaflega frá Póllandi og hefur búið á Íslandi til fjölda ára. „Hann lærði á Ítalíu og má segja að hans stíll sé einstaklega fjölbreyttur og alþjóðlegur. Matseðill-



Courtyard by Marriott er fallett og notalegt og gæðin eru í fyrirrúmi. Húsið býður upp á frábæra aðstöðu fyrir vinnufundi eða veislur. MYNDIR/ADSENDAR



Herbergin eru öll fyrsta flokks með hágæða rúmum og góðri vinnuaðstöðu.

inn samanstendur af kjöt-, fisk- og grænmetisréttum, sem höfða til afar breiðs kunnahóps. Nokkrir réttir eru fastir á seðlinum að kröfu Marriott-keðjunnar, en þar fyrir utan breytist seðillinn frekar ört.

Kacper leggur áherslu á að nota ferskt og árstíðabundið hráefni og leikur sér með það sem er í boði hverju sinni.

Við kappkostum að bjóða upp á veitingar þar sem allir geta fundið

eitthvað fyrir sig. Undanfarið höfum við verið með afar vinsælan helgarbröns þar sem hver gestur getur valið úr hráefnum og réttum sjálfur og sett saman sinn eigin málsverð. Þess má geta að börn undir 12 ára aldri borga frítt á veitingastaðnum í fylgd með full-orðnum.

„Nafnið á veitingastaðnum, The Bridge, vísar til þess að við gegnum hlutverki tengingar á milli heims-hluta, hótelsstjórinn Hans Prins kemur frá Hollandi, einingarnar frá Kína, og Marriott-keðjan frá Bandaríkjunum. Svo tengist nafnið auðvitað flugvælinum sem og brúnni á milli heimsálfa sem staðsett er í stuttri akstursfjarlægð frá hótelinu.“

Hágæða funda- og veisluaðstaða

„Við gefum okkur meðal annars út fyrir að vera viðskiptahótel og stílum upp á fólk í vinnuferðum. Þá er fullkomin líkamsræktarstöð á hótelinu sem opin er allan sólarhringinn.

Hvert herbergi er útbúið góðri vinnuaðstöðu með innstungum, skrifborði og friu Wi-fi. Veitingastaðurinn býður einnig upp á vinnusvæði og bása sem henta fyrir stutta vinnufundi með sjónvarpi, sem fundargestir geta tengst.“

Á hótelinu eru einnig tvö fundarherbergi, eitt minna og eitt stærra. „Þessi tvö rými er svo hægt að sameina í stærra rými sem getur tekið við allt að 100 gestum. Við leigjum mikið út fyrir fundahald fyrirtækja og bjóðum upp á veitinga- og drykkjarpakka. Einnig er tilvalið að halda veislur hér eins og brúðkaup eða annað og sérsníðum við veitingar fyrir hvern hóp fyrir sig.“ ■


Hjólað um fjöll og firnindi fyrir vestan

Lilja Dögg Gylfadóttir hjólaði Vestfjarðahringinn fyrir fáeinum dögum og segir það hafa verið magnaða upplifun. Henni finnst fátt jafnast á við að finna ilminn af birkinu, hlusta á lækjarniðinn og njóta útsýnisins og víðáttunnar.

sigiduringa@frettabladid.is

Lilja Dögg er kennari við Áslands-skóla í Hafnarfirði og hefur mikið yndi af því að ferðast um landið. „Við hjónin vildum hafa þrek og þol til að geta gengið á fjöll og hjólað hvert sem við viljum án þess að finna mikið fyrir því og því fórum við að æfa þríþraut fyrir tveimur árum. Við erum að æfa með 3SH, en það er deild innan Sundfélags Hafnarfjarðar sem leggur stund á sund, hjólreiðar og hlaup. Þetta er ekki aðeins góð líkamsrækt heldur einnig skemmtilegur félagsskapur,“ segir Lilja, en þau Ófeigur Hreinsson, eiginmaður hennar, eru nýkomin heim í Hafnarfjörðinn eftir ævin-týralega hjólaferð um Vestfirði.

„Við fórum með æfingafélögum okkar úr 3SH. Í honum eru hjón sem búa í Bolungarvík, en þau sáu um að skipuleggja ferðina. Samtals vorum við tíu saman að hjóla og fórum yfir fjöll og firnindi. Fararskjótarnir voru fjallahjól og cyclocross hjól, sem reyndust mjög vel. Við lögðum af stað frá Ísafirði síðastliðinn laugardag og hjóluðum yfir í Heydal við Mjóafjörð þar sem við gistum, en það eru um 136 kílómetrar. Á leiðinni stoppuðum við í Litlabæ og fengum okkur að



Hjólahópurinn áði við Dynjanda og hélt þaðan inn Arnarfjörð.

borða. Við vorum með trúss, en það var bíll sem var í samfloti með okkur og við gátum því fengið okkur kaffi og nesti þegar okkur hentaði á leiðinni. Það var mikil upplifun að koma í Heydal, sem er ótrúlega skemmtilegt svæði,“ segir Lilja, sem er alsæl með ferðina.

Adrenalínkikk á toppnum

Næsta dag lá leiðin frá Heydal yfir í Flókalund. „Við hjóluðum yfir Hestakleif og Kollafjarðarheiði og niður í Flókalund, sem eru rúmlega 110 kílómetrar. Í Flókalundi er öll aðstaða til fyrirmyndar, hugguleg herbergi og góð þjónusta. Á mánu-daginn hjóluðum við svo yfir Dynjandisheiði og þegar niður heiðina var komið borduðum við nesti við fossinn Dynjanda. Þaðan hjóluðum við inn Arnarfjörð, yfir Hrafnseyrarheiði og til Þingeyrar, þar sem við gistum í heimahúsi. Á þriðjudaginn hjóluðum við svo til Ísafjarðar og lokuðum þar með



Lilja Dögg segir að öll þreyta sé fljót að gleymast þegar komið er á áfangastað. MYNDIR/ADSENDAR

hringnum,“ segir Lilja, en þau notuðu tækifærið og fóru einnig í náttúrulaugar, en þær eru ótal margar á Vestfjörðum.

Oftast var ýmist upp eða niður brattar brekkur að fara, en Lilja segir það hafa verið mikið adrenalínkikk þegar upp á toppinn var komið. „Það var líka ótrúlega magnað að hjóla þessa leið og hugsa um að einu sinni voru þetta einu vegirnir sem fólk gat farið um til að komast á milli staða,“ segir hún.

Veðrið var eins og best verður á kosið allan tímann, sól og hiti. „Það er stórkostlegt að upplifa náttúruna á hjóli og finna ilminn af birkinu, heyra í lækjunum, sjá

dýjamosann og snjóinn, horfa niður í firðina og á spegilsléttan sjóinn í þessari víðáttu. Það er ekki hægt að bera það saman við að ferðast um á bíl. Maður finnur svo mikla nánd við náttúruna með þessum ferðamáta. Við pössuðum líka vel upp á að njóta en ekki bara þjóta,“ segir Lilja glöð í bragði.

Gekk á Snæfellsjökul

Fyrr í sumar fór Lilja með vinkonu sinni í miðnæturegöngu á Snæfellsjökul, sem var eftirminnileg ferð. „Við fórum með Fjallhalla, sem býður upp á göngu- og skoðunarferðir víða um land. Við fórum með þeim á Grænahrygg í fyrra-

haust og vorum svo ánægðar með þá ferð að við bóknuðum göngu með þeim á Snæfellsjökul. Það var frekar leiðinlegt veður á göngunni, kalt og lítið skyggni en Sigurður Bjarni Sveinsson, fararstjóri, var svo faglegur að ég upplifði mig örugga allan tímann. Ég ákvað að líta á þetta sem góða æfingu en þegar við vorum við það að komast á toppinn rofaði allt í einu til og við blasti stórfenglegt útsýni. Ég fór næstum því að skæla, þetta var svo mikil upplifun eftir allt þetta það,“ rifjar Lilja upp.

Gefandi að ferðast um landið

Lilju finnst gefandi að ferðast um Ísland og segist ekki vera á leið til útlanda í sumar. „Við fjölskyldan höfum alltaf verið dugleg að ferðast um landið og njóta þess. Það kemur mér helst á óvart hvað það er búið að byggja mikið upp og hversu góð aðstaða er um land allt,“ segir Lilja, en Vestfirðir, Ásbyrgi og Skaftafell eru í miklu uppáhaldi hjá henni.

Hún segir að það besta sem hafi komið út úr kórónuveirufaraldrinum sé að mörg börn hafi fengið tækifæri til að kynnst landinu sínu betur. „Ég varð vör við það í starfi mínu sem grunnskólakennari síðastliðinn vetur. Foreldrar og forráðamenn nýttu helgarnar og friin vel til að fara til Þingvalla, að Gullfossi og Geysi, í Seltún eða jafnvel eitthvað lengra. Margir nemendur fóru að gosstöðvunum. Það var virkilega ánægjulegt að finna hvað krakkarnir höfðu gaman af þessu og fannst skemmtilegt að segja ferðasögur,“ segir Lilja Dögg að lokum. ■



vokbaths.is

Útsýnið töfrar gestina upp úr skónum

Á Hellissandi þar sem Snæfellsjökulinn ber við loft er föngulegur og rómaður veitingastaður sem ber nafnið Viðvík. Unga parið Gils Þorri Sigurðsson og Aníta Rut Aðalbjargardóttir eiga og reka veitingastaðinn og leggja allan sinn metnað og ást í staðinn.

sjofn@frettabladid.is

Gils Þorri er menntaður mat-reiðslumaður og útskrifaðist með sveinspróf frá Gallery Restaurant á Hótel Holti árið 2014 og Anita Rut er viðskiptafræðingur. Þau eru einstaklega samheldin og láta drauma sína rætast með framkvæmdagleiðinni og ástinni.

